



11. júní 2019  
**TRÚNAÐARMÁL**

## Minnisblað

### Meint upplýsingagjöf Seðlabanka Íslands til Ríkisútvarpsins

Til:	Más Guðmundssonar seðlabankastjóra og Rannveigar Sigurðardóttur aðstoðarseðlabankastjóra
Frá:	Nönnu Huld Aradóttur, innri endurskoðanda Seðlabanka Íslands

Innri endurskoðandi starfar samkvæmt ákvæðum c-liðar 28. greinar laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því. Í erindisbréfi innri endurskoðanda, sem samþykkt var af bankaráði þann 19. október 2017, er fjallað nánar um tilgang, heimildir og ábyrgð innri endurskoðunar hjá bankanum. Þær gilda fyrir innri endurskoðanda bankans og þá sérfræðinga er vinna í umboði innri endurskoðanda, samkvæmt sérstökum samningi um innri endurskoðunarþjónustu.

Innri endurskoðandi tekur við vinnu sína mið af alþjóðlegum stöðlum um framkvæmd innri endurskoðunar (*e. International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing (Standards)*) útgefnum af Alþjóðsamtökum innri endurskoðenda (*e. the Institute of Internal Auditors (IIA)*). Staðlarnir eru hluti af faglegri umgjörð innri endurskoðunar (*e. International Professional Practices Framework (IPPF)*), sem tekur auk þess til tilmæla og leiðbeininga, sem innri endurskoðendum er ætlað að taka mið af við vinnu sína.

Ráðgjafarþjónusta er almennt veitt samkvæmt beiðni þess sem óskar eftir þjónustu innri endurskoðanda. Umfang og eðli ráðgjafar og tengdrar þjónustu er ákveðið í samráði við þann sem æskir þjónustunnar. Slíkri þjónustu er ætlað að skapa virðisauka og bæta stjórnarhætti Seðlabankans, áhættustýringu og eftirlitsferla án þess að innri endurskoðandi taki á sig stjórnunarlega ábyrgð.

## 1 Inngangur

Með tölvupósti 26. mars 2019 óskaði seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, eftir því að innri endurskoðandi skoðaði hvort í tölvupósthólf hans og í skjalavistunarkerfi bankans frá byrjun árs 2012 til loka mars sama ár væri að finna gögn sem vörðuðu samskipti við stjórnendur gjaldeyriseftirlitsins varðandi hugsanleg samskipti þeirra við Ríkisútvarpið í aðdraganda húisleitar hjá \_\_\_\_\_ sem fram fór 27. mars 2012 og sérstaklega hvort þar sé að finna eitthvað sem megi túlka sem heimild til að veita trúnaðarupplýsingar. Með tölvupósti 17. apríl 2019 óskaði seðlabankastjóri enn fremur eftir því að tölvupóstar stjórnenda gjaldeyriseftirlitsins og vinnugögn sviðsins yrðu skoðaðir m.t.t. hugsanlegra samskipta þeirra við Ríkisútvarpið. Eftirfarandi eru samandregnar niðurstöður þessara úttekta.

## 2 Markmið og afmörkun úttektar

Markmiðið með vinnu innri endurskoðanda er að kanna hvort gögn liggja fyrir innan Seðlabanka Ísland, á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. mars 2012, sem benda til þess að yfirstjórn bankans og/eða stjórnendur gjaldeyriseftirlitsins hafi veitt eða tekið ákvörðun um að veita Ríkisútvarpinu upplýsingar um fyrirhugaða hútleit á starfsstöðvum \_\_\_\_\_ sem fram fór þann 27. mars 2012.

Þau gögn sem liggja fyrir í Seðlabankanum og gætu haft upplýsingagildi við skoðun þessa eru annars vegar tölvupósthólf seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, \_\_\_\_\_ sem jafnframt var \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ og hins vegar gögn sem skráð hafa verið í Hirði, þáverandi skjalakerfi bankans eða vistuð í skjalageymslu hans og gögn á vinnusvæði gjaldeyriseftirlitsins.

## 3 Framkvæmd úttektar

Úttektin var framkvæmd í samræmi við framlagða úttektarráætlun, dagsetta 29. mars 2019 og tók til tímabilsins 1. janúar 2012 til 31. mars 2012. Vinnan fór að annars vegar fram þann 27. mars til 7. apríl 2019 og sneri þá að gögnum í tölvupósthólfum seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra og gögnum sem skráð hafa verið í Hirði, þáverandi skjalakerfi bankans eða vistuð í skjalageymslu hans. Var minnisblaði skilað um skoðunina 8. apríl 2019. Hins vegar fór vinnan fram þann 24. apríl til 10. maí 2019 og voru þá skoðuð gögn í tölvupósthólfum \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ og gögn á vinnusvæði gjaldeyriseftirlitsins. Minnisblaði um skoðunina var skilað 13. maí 2019. Samandregnu minnisblaði um niðurstöður beggja skoðananna var síðan skilað 14. maí 2019. Úttektirnar voru unnin með aðstoð sérfræðinga upplýsingatækniþjónustu og innri upplýsingaþjónustu bankans auk aðstoðar frá afritunarsérfræðingi \_\_\_\_\_ sem er þjónustuaðili bankans.

### 3.1 Gögn í tölvupósthólfum

Skoðun á tölvupóstum starfsfólks Seðlabankans þarf að vinnast í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. og reglur Seðlabanka Íslands um meðferð tölvupósts og netnotkun starfsmanna bankans frá 1 desember 2005. Seðlabankinn leitaði eftir og fékk samþykki þeirra aðila sem teknir voru til skoðunar.

Afrit gagna í pósthólfum voru ekki aðgengileg innri endurskoðanda fyrr en 3. apríl 2019. Farið var í gegnum pósthólf (*e. Personal Archive*) viðkomandi sem hefur að geyma móttækinn og sendan póst á tímabilinu. Auk þess var farið sérstaklega í gegnum sendan póst (*e. Sent Items*) og í gegnum eyddan póst (*e. Deleted Items*). Það afrit gagna sem skoðað var, var tekið 28.09.2013. Skoðunin fór fram í gegnum sérstakan afritunarhugbúnað (*Veem backup and replication client*).

#### 3.1.1 Seðlabankastjóri Már Guðmundsson

Í pósthólfi seðlabankastjóra var að finna 4381 móttækna og senda pósta (*e. Items found*). Sendir póstar voru 777 (*e. Sent Items*) og eyddir póstar voru 21 (*e. Deleted Items*). Allir póstar voru yfirfarnir m.v. efnisatriði (*e. Subject*) og sendanda eða viðtakanda tölvupósts.

Við yfirferð afrits af tölvupósthólfi seðlabankastjóra frá 28.09.2013 komu ekki í ljós póstar sem staðfesta aðkomu og/eða vitneskju hans um meint samskipti starfsmanna Seðlabanka Íslands við Ríkisútvarpið á tímabilinu 01.01.2012-31.03.2012. Lítil merki sjást um samskipti seðlabankastjóra við gjaldeyriseftirlitið í tölvupósti um rannsóknina á \_\_\_\_\_ eða um fyrirhugaða húsleit hjá fyrirtækinu á þessu tímabili. Það liggja fyrir tölvupóstar milli seðlabankastjóra og stjórnenda og starfsfólks rannsóknardeildar gjaldeyriseftirlits sem varða aðstoð sérstaks saksóknara við húsleitina og póstar liggja fyrir á milli seðlabankastjóra og \_\_\_\_\_ 21.02.2012 um samtal en efni þess er ekki tilgreint.

#### 3.1.2 Fv. aðstoðarseðlabankastjóri Arnór Sighvatsson

Í pósthólfi fv. aðstoðarseðlabankastjóra var að finna 2285 pósta (*e. Items found*). Sendir póstar voru 561 (*e. Sent Items*) og eyddir póstar voru 0 (*e. Deleted Items*). Allir póstar voru yfirfarnir m.v. efnisatriði pósts (*e. Subject*) og sendanda eða viðtakanda tölvupósts.

Við yfirferð afrits af tölvupósthólfi fv. aðstoðarseðlabankastjóra frá 28.09.2013 komu ekki í ljós póstar sem staðfesta aðkomu og/eða vitneskju hans um meint samskipti starfsmanna Seðlabanka Íslands við Ríkisútvarpið á tímabilinu 01.01.2012-31.03.2012. Engin merki fundust um samskipti fv. aðstoðarseðlabankastjóra við starfsmenn gjaldeyriseftirlitsins í tölvupósti um rannsóknina á \_\_\_\_\_ eða um fyrirhugaða húsleit hjá fyrirtækinu á þessu tímabili.

## 3.1.3

Í pósthólfi var að finna 2389 móttækna pósta (*e. Items found*). Sendir póstar voru 1082 (*e. Sent Items*) og eyddir póstar voru 0 (*e. Deleted Items*). Allir póstar voru yfirfarnir m.v. efnisatriði (*e. Subject*) og sendanda eða viðtakanda tölvupósts.

Við yfirferð afrits af tölvupósthólfi frá 28.09.2013 sjást samskipti hans við starfsmann Ríkisútvarpsins. Þann 20.02.2012 óskar starfsmaður Ríkisútvarpsins eftir fundi vegna skoðunar Kastljóss á viðskiptum tengdra aðila með sjávarafurðir. Jafnframt er greint frá því að Kastljós hafi í höndum gögn sem þau vilji sýna gjaldeyriseftirlitinu. Sá fundur er haldinn þann 21.02.2012. Ekki er tilgreint í gögnum gjaldeyriseftirlitsins hverjir sátu fundinn auk og starfsmanns Ríkisútvarpsins. Fram kemur að farið er yfir upplýsingar starfsmanns Ríkisútvarpsins er varða og að hann afhendir gögn sem vistuð eru í sérstakri möppu á vinnusvæði gjaldeyriseftirlitsins. Í kjölfarið má sjá samskipti í tölvupóstum á milli starfsmanns Ríkisútvarpsins og á tímabilinu 26. febrúar til 26. mars 2012.

Þann 26. mars kl. 11:00 sendir starfsmaður Ríkisútvarpsins póst með efnisatriðinu *Textinn*. Þar segir:

„*Sæl. Hér er textinn, örlítið endurskrifaður. Farðu yfir þetta og láttu mig vita sem allra, allra fyrst.*

*Kastljós lagði gögn varðandi afurðasölu fyrir gjaldeyriseftirlit Seðlabankans á dögunum og óskaði eftir mati eftirlitsins á því hvort um lögbrot væri að ræða. Forstöðumenn eftirlitsins fengust ekki til að leggja mat á málið á þeim tímapunkti. Eftir því sem næst verður komist hófst þó í frambaldinu rannsókn á málinu sem leiddi til húsleitar á skrifstofum í Reykjavík og á Akureyri í morgun með aðstoð embættis sérstaks saksóknara. Gera má ráð fyrir því að rannsóknin beinist nú að öllum útflutningi síðustu misserin og einnig skilum fyrirtækisins á gjaldeyri til landsins. Rannsókn málsins er sú umfangsmesta í sögu gjaldeyriseftirlitsins.*

Kl. 11:33 sendir póst á með textanum Ertu við? Sem hann svarar játandi kl. 11:37. Pósturinn með efnisatriðinu *Textinn* er í kjölfarið framsendur til kl. 12:09.

Við yfirferð afrits af tölvupósthólfi frá 28.09.2013 komu í ljós tölvupóstar sem staðfesta samskipti hans við starfsmann Ríkisútvarpsins á tímabilinu 20.02.2012 – 26.03.2012 þar á meðal tölvupóstur sem gefur til kynna að Ríkisútvarpið hafi verið upplýst um fyrirhugaða húsleit á starfsstöðvum þann 26.03.2012 eða deginum áður en húsleit hófst.

### 3.1.4

Í pósthólfi var að finna 2285 pósta (*e. Items found*). Sendir póstar voru 772 (*e. Sent Items*) og eyddir póstar voru 21 (*e. Deleted Items*). Allir póstar voru yfirfarnir m.v. efnisatriði pósts (*e. Subject*) og sendanda eða viðtakanda tölvupósts.

Við yfirferð afrits af tölvupósthólfi frá 28.09.2013 komu ekki í ljós póstar sem staðfesta aðkomu og/eða vitneskju hans um meint samskipti starfsmanna Seðlabankans við Ríkisútvarpið á tímabilinu 01.01.2012-31.03.2012.

### 3.1.5

Í pósthólfi var að finna 1193 pósta (*e. Items found*). Sendir póstar voru 303 (*e. Sent Items*) og eyddir póstar voru 0 (*e. Deleted Items*). Allir póstar voru yfirfarnir m.v. efnisatriði pósts (*e. Subject*) og sendanda eða viðtakanda tölvupósts.

Við yfirferð afrits af tölvupósthólfi frá 28.09.2013 komu ekki í ljós póstar sem staðfesta aðkomu og/eða vitneskju hans um meint samskipti starfsmanna Seðlabanka Íslands við Ríkisútvarpið á tímabilinu 01.01.2012-31.03.2012.

## 3.2 Gögn í skjalakerfi og skjalageymslu Seðlabanka Íslands og á vinnusvæði gjaldeyriseftirlitsins

### 3.2.1 Gögn í skjalakerfi og skjalageymslu

Gögn í Hirði, þáverandi skjalakerfi Seðlabankans og gögn vistuð í skjalageymslu bankans voru skoðuð af skjalastjóra og sérfræðingum í innri upplýsingaþjónustu. Leitað var í rafrænu skjalakerfi Hirðis eftir 18 leitarorðum auk þess sem skjöl í Hirði frá 1. janúar 2012 til 31. mars 2012 voru kölluð fram, yfirfarin og skoðuð sérstaklega þau skjöl sem ástæða þótti til. Þá var leitað í kössum í skjalageymslu á jarðhæð eftir málalyklum sem gjaldeyrismál eru flokkuð á.

Niðurstaða skoðunar innri upplýsingaþjónustu, við lok leitar að gögnum skv. beiðni innri endurskoðanda, var sú að ekki hefðu fundist skjöl eða vísbendingar er bent gætu til þess að upplýsingar um fyrirhugaða húsleit hjá þann 27. febrúar 2012 hafi borist frá starfsfólki Seðlabankans til fjölmiðla eða annarra.

### 3.2.2 Gögn á vinnusvæði gjaldeyriseftirlits

Vinnugögn liggja fyrir á svæði gjaldeyriseftirlitsins á sameiginlegu drifi bankans. Ákveðið var að þau yrðu skoðuð með sambærilegum hætti og rafræn gögn í Hirði, eldra skjalakerfi bankans, með aðstoð skjalastjóra og annarra sérfræðinga innri upplýsingaþjónustu. Notuð yrðu

leitarorð og tekin fram skjöl sem talin voru þurfa nánari skoðunar við. Skjalastjóri og sérfræðingur innri upplýsingaþjónustu önnuðust skoðunina. Þeim var veittur aðgangur að drifinu til skoðunar af upplýsingatækniþjónustu 23. apríl 2019.

Innri endurskoðandi fékk niðurstöðu innri upplýsingaþjónustu í hendur 2. maí 2019. Þar kom fram að deildin hafi lokið leit í gögnum á S-drifi gjaldeyriseftirlitsins. Niðurstaðan er sú að ekki hafa fundist gögn sem gefa vísbendingar um leka frá bankanum varðandi húsleitina.

### 3.3 Önnur gögn

afhenti innri endurskoðanda og fundargerðabækur og

Gögn fundargerðarbókar :

- Upplýsingar um fund sem haldinn var með starfsmanni Ríkisútvarpsins 21. febrúar 2012. Fram kemur að farið er yfir upplýsingar starfsmanns Ríkisútvarpsins er varða og að hann afhendir gögn sem vistuð eru í sérstakri möppu á svæði gjaldeyriseftirlitsins. Ekki er tilgreint hverjir sátu fundinn auk og starfsmanns Ríkisútvarpsins.
- Upplýsingar um fund með sérstökum saksóknara 22. mars 2012. Á fundinum er farið yfir fyrirkomulag húsleitar og upplýsingagjöf til fjölmiðla í kjölfarið og þar kemur fram m.a. að engin megi tjá sig nema .